

Dagblaðabókin mín

Hæ!

Ég heiti Knútur.

**Við ætlum að lesa
dagblöðin saman. Ég veit
um marga skemmtilega
hluti sem við getum gert.**

**Það sem þú þarft að
hafa er dagblað, skæri,
lím og skriffæri.**

**Nú skulum
við byrja.**

nafn:

bekkur:




Til kennara

Þetta hefti er byrjunarhefti til að nota við að kynna dagblöð fyrir nemendum. Í heftinu eru tekin fyrir ýmis verkefni og þannig sýnt hvernig hægt er að nota dagblöð sem kennsluefni. Verkefnin eru þannig gerð að nemendur eiga að geta unnið þau út frá eigin forsendum. Nemendur eiga að geta unnið verkefnin sjálfstætt en þó þarf kennari að kynna þau.

Mörg verkefni heftisins má gera oftar en einu sinni og er síðasta síðan ætluð til ljósritunar fyrir aukaverkefni.

Í verkefnum þar sem nemendur eiga að klippa út bókstafi, orð eða tölur er gott að nota fyrirsagnir og auglýsingar þar sem þær eru yfirleitt með stærra lettri.

Notið tímann í umræður! Þegar nemendur fletta, lesa og skoða blöðin þá uppgötva þeir ýmislegt sem þeir vilja ræða, segja frá eða spyrja um. Notfær-ið ykkur möguleikann til ýmissa umræðna.



Dagblöð í skólum (DÍS) er samstarfsverkefni dagblaðaútgefenda á Íslandi og fræðslufir-valda. DÍS vinnur að útgáfu og fræðslumálum þar sem dagblöð eru notuð sem námsefni fyrir nemendur.

Dagblaðabókin mín heitir á frummálinu Avisboken min og er gefin út með leyfi Avis í skolen, Norske Avisers Landsforening.

Þýðing og ritstjórn: Auður Huld Kristjánsdóttir

Hönnun og umbrot: ok design as / Morgunblaðið

Prentun: Landsprent ehf.

ISBN: 9979-9493-2-5

Finndu stafina þína í blaðinu og límdu þá þannig að þeir myndi nafnið þitt.

Dæmi um nafn með mismunandi stöfum:

Magni



Ég heiti:

Límdu hér nafnið á blaðinu sem þú notar!


(Það stendur efst á forsíðunni.)

Getur þú fundið heiti á fleiri blöðum ?



Glaðlegt andlit

Klipptu út úr
blaðinu glaðleg
andlit og límdu
þau hér inn.




Alvarlegt andlit

Klipptu út úr
blaðinu alvarleg
andlit og límdu
þau hér inn.




Manneskja sem ég tók sérstaklega eftir í blaðinu.

Hvaða mann-
eskju tókst þú
sérstaklega eftir
í blaðinu? Klipptu
út myndina af
henni og límdu
hana hér.



Hvað segir eða
hugsar mann-
eskjan á myndinni?
(Þú mátt skrifa
það sem þér
dettur í hug.)



Segðu frá:



auka

Mynd af dýri

Getur þú fundið mynd af dýri í blaðinu? Klipptu hana út og límdu hér.



Hvað getur þú sagt um dýrið?


auka

Bókstafaveiði

Veldu þér einn bókstaf, klipptu hann út í mörgum stærðum og gerðum og límdu hann hér inn

T.d.

aA




1. Getur þú fundið allt stafrófið? (Notaðu aukablað.)



2. Gerðu grænan hring utan um samhljóðana.

3. Gerðu rauðan hring utan um sérhljóðana.



auka

Sagnorð

Klipptu út nafn-
orð og sagnorð.
Límdu þau í
réttu poka.
Hvað fannstu
mörg?


Sagnorð:
Orð sem segja hvað
maður gerir.
T.d. hlaupa, borða, sofa, sitja.

Nafnorð

Finndu lýsingarorð
og skrifaðu fyrir
framan hvert nafn-
orð. (Þú getur líka
skrifað þau til hliðar
og tengt þau við
hvert orð.)

Nafnorð:
Nöfn á hlutum, stöðum,
dýrum og manneskjum.
T.d. bíll, stelpa, hundur, bolti.

Lýsingarorð:
Orð sem lýsa nánar
hvernig eitthvað er.
T.d. stór, gul, falleg, gömul.



auka

Hollur eða óhollur matur?

Finndu orð eða myndir af hollum og óhollum mat í blaðinu. Klipptu út og límdu á réttan stað



HOLLUR MATUR


ÓHOLLUR MATUR

Hvenær borðar þú hollan mat?

Hvenær borðar þú óhollan mat?


Spjallið saman um hvað ykkur finnst um þetta.

Spurðu einhvern heima hvað honum finnst vera hollur eða óhollur matur.



Góð orð og slæm orð.

Fylltu flöskurnar af góðum og slæmum orðum!



Hvora flöskuna
var léttara
að fylla?
Ræðið saman
um orðin.



auka

Fylltu slöngurnar af tölum


Finndu tölur í blaðinu, byrjaðu á 3 og leggðu alltaf 3 við.

Í neðri slönguna mátt þú ráða á hvaða tölu þú byrjar og hvaða tölu þú leggur við. En mundu að þú leggur alltaf sömu töluna við.




Gerðu hring utan um sléttar tölur.

Gerðu þríhyrning utan um oddatölur.



auka

Leggðu saman
tölurnar í efri
slöngunni.
Hver er útkoman?




auka

Hvað langar þig til að horfa á í sjónvarpinu í kvöld?




Flettu upp á sjónvarpsdag-skránni og skoðaðu hana.



- 1. Mig langar til að horfa á, _____
- 2. Dagskrárliðurinn byrjar klukkan, _____
- 3. Hann er búinn klukkan, _____
- 4. Mig langar til að horfa á þennan dagskrárlið af því að, _____
- _____
- _____
- _____

Límdu hér nöfn á sjónvarpsstöðvum (merki stöðvanna ef þú finnur þau.)

Hérna sérðu teiknimyndasöguna um Gretti.






Veldu þér teiknimyndasögu úr blaðinu og límdu hér.

Búðu til þína eigin teiknimyndasögu.



Klipptu út mynd af þekktri manneskju í blaðinu og límdu hana inn hér í rammann fyrir neðan.

Hvað segir manneskjan á myndinni? Klipptu orð úr blaðinu og búðu til setningu úr þeim sem þú vilt láta hana segja.



Ef þú myndir hitta þessa manneskju hvað myndir þú vilja spyrja hana um?

1. _____


2. _____

3. _____

auka

Stærðfræðiverkefni


Finndu dýrasta hlutinn sem er til sölu í blaðinu. Klipptu út auglýsinguna og hafðu verðið með. Límdu hana hér fyrir neðan.



1. Þú átt 10.000 krónur. Hvað getur þú keypt? Klipptu út auglýsinguna og límdu á aukablað.



2. Áttirðu einhvern afgang?



auka

Fréttir


Finndu eina
góða frétt og
eina slæma frétt
og límdu á rétt-
an stað.



Góð frétt

Slæm frétt

Segðu frá:
Hvers vegna
finnst þér önn-
ur fréttin góð
og hin slæm?



auka

Finndu fleiri fréttir!

1. Frá Reykjavík.
 2. Frá öðrum stað á Íslandi.
 3. Frá útlöndum.
- Límdu inn fyrir-sögnina og skrifaðu við hliðina á henni hvar hún gerðist.



Frétt frá Reykjavík

Frétt frá öðrum stað á Íslandi

Frétt frá útlöndum

Notaðu Netið
1. Á Netinu getur þú fundið mörg dagblöð, bæði á Íslandi og erlendis.

2. Athugaðu t.d. mbl.is og vísir.is



auka

Búðu til fyrirsagnir sem hæfa myndunum.




Morgunblaðið/Júlíus Sigurjónsson




DV/Hilmar Þór Guðmundsson

Fáðu mynd hjá kennaranum og límdu hana hér í rammann. Búðu til fyrirsögn sem þér finnst eiga við.



Kaup og sala

Þú getur keypt og selt hluti í blöðunum. Það gerum við í gegnum auglýsingar.



1. Veldu auglýsingu í blaðinu sem vekur áhuga þinn. Klipptu hana út og límdu hér í rammann.

2. Gerðu hring utan um þá auglýsingu hér til hliðar sem þér líst best á.
3. Verið tvö saman og búið til leikrit út frá auglýsingunni. Látið sem þið séuð að tala saman í síma. Annað ykkar ætlar að selja hlut en hitt að kaupa.
4. Á hvaða bls. finnur þú smáauglýsingar í þínu blaði?
5. Í smáauglýsingum eru oft notaðar skammstafanir. Hvað þýða þessar skammstafanir?



Uppl.

=

Vinsaml.

=

Ath.

=

O.fl.

=

T.d.

=


M.a.

=

Fylgstu með veðrinu

Berðu saman
veðurspá í blaðinu
og hvernig það var
í raun og veru.

Vikan frá _____
til _____



Dagsetning	Hitastig	Úrkoma	Vindstyrkur m/sek.	Veðurmerki	Skrifaðu nokkur orð um veðrið í dag
------------	----------	--------	-----------------------	------------	--

Veðurspá:

mánudag						
þriðjudag						
miðvikudag						
fimmtudag						
föstudag						

Þannig var veðrið:

mánudag						
þriðjudag						
miðvikudag						
fimmtudag						
föstudag						



Krossgáta



Í dagblöðum er
bæði texti og...

Orð sem segja hvað
maður gerir

Texti fyrir
ofan frétt

Íþrótt sem mikið er fjall-
að um í dagblöðunum

Á Íslandi tölum við ...

Höfuðborg Íslands
heitir ...

... Segir okkur til um hvernig
veðrið á að vera

Þar sem sumir byrja að
lesa blaðið sitt ...

Þú getur lesið fréttir, grein-
ar auglýsingar o.fl. í ...

Stafir sem segja
nafnið sitt sjálfir

Þegar þú skrifar notar þú ...



Eftirfarandi kennsluefni hefur verið gefið út af Dagblöð í skóla:
Blaðapassinn
Dagblaðabókin mín
Kennsluleiðbeiningar